2022 Frásagnarhefðin í táknmálum

Líkt og hefð er fyrir þann 11. febrúar var Dagur íslenska táknmálsins haldinn hátíðlegur. Dagurinn litaðist þó af aðstæðum í þjóðfélaginu, erfitt reyndist að skipuleggja daginn vegna samkomutakmarkan, en reglur voru hertar umtalsvert í byrjun ársins. Það náðist þó að halda Café Lingua viðburð í samstarfi við Borgarbókasafnið í Grófinni þann 10. febrúar. Uldis Ozols, táknmálskennari, sagði frá frásagnarhefðinni sem er svo rík í táknmálum og flutti þar sögur af hákörlum, mörgæsum og fuglum á íslensku táknmáli og var almenn ánægja með daginn.

Samtökin ’78 og Málnefnd um íslenskt táknmál tóku saman höndum og stóðu fyrir keppni í táknasmíð fyrir fjögur hinsegin hugtök. Hýryrði hefur verið reglulegur viðburður hjá Samtökunum ’78 þar sem keppst er um að búa til íslensk orð yfir ýmis hinsegin hugtök. Þetta árið var í fyrsta skipti haldið nýyrðasamkeppnin Hýr tákn og var döff samfélagið beðið um að senda inn tillögur að táknum fyrir: Eikynhneigð, kvár, stálp og kynsegin. Táknin og táknasmiðir voru kynnt þann 17. febrúar og fjölluðu fréttamiðlar, t.d. Morgunblaðið, um niðurstöðurnar. Málnefnd stóð fyrir kosningu á tákni ársins 2021. Fimm tillögur bárust nefndinni en ótvíræður sigurvegari var táknið FRAMLÍNUSTARFSFÓLK. Málnefnd tilkynnti það á Facebook síðu sinni á Degi íslenska táknmálsins.

Til stóð að halda röð málstofa í tengslum við daginn til að ræða framtíð íslenska táknmálsins. Aðstæður eru báglegar og tilefni til að hafa áhyggjur, t.d. hvað varðar smæð samfélagsins og málefni heyrnarlausra barna. Markmiðið er að styðja og styrkja ÍTM samfélagið og hvetja alla aðila til að taka ábyrgð. Uppi voru áform um að hafa endurtekna viðburði, e.t.v. einu sinni í mánuði og að byrja í kringum 11. febrúar. Vegna hertra samkomutakmarkanna sem skullu á í ársbyrjun var ákveðið að fresta fundunum þangað til í haust.